

Verklagsreglur verðlagsnefndar búvara

1. Verðlagsnefnd búvara starfar samkvæmt búvörulögum nr. 99/1993.
 - 1.1. Verðlagsnefnd starfar einkum samkvæmt IV. kafla búvörulaga en einnig er vísað til starfa hennar í 76. og 78. gr. í sömu lögum.
 - 1.2. Þá gilda ákvæði stjórnáskilulaga nr. 37/1993 og ákvæði upplýsingalaga nr. 140/2012 í störfum verðlagsnefndar.
2. Tilgangur verklagsreglnanna er að útfæra nánar ákvæði um störf og verkefni verðlagsnefndar til stuðnings gildandi lögum sem nefndin starfar eftir.
3. Meginverkefni nefndarinnar er að ákveða afurðarverð til búvöruframleiðenda og verð búvara í heildsölu, skv. 8., 13., 15. og 16. gr. búvörulaga.
4. Nefndin skal árlega meta hvort tilefni sé til endurskoðunar á grunnforsendum líkana, fyrirkomulagi upplýsingaöflunar og öðru verklagi sem komið hefur verið á til að uppfylla skyldur samkvæmt lögum. Sé tilefni til endurskoðunar, skal nefndin taka afstöðu til og ákveða viðeigandi breytingar.
5. Við verðákvörðun:
 - 5.1. Annar fulltrúi Bændasamtaka Íslands skal víkja sæti við ákvörðun um heildsöluverð búvara.
 - 5.2. Annar fulltrúi samtaka afurðastöðva skal víkja sæti við ákvörðun um lágmarksverð mjólkur til framleiðenda.
6. Við ákvörðun á lágmarksverði mjólkur til framleiðenda:
 - 6.1. Markmið ákvarðana um lágmarksverð mjólkur til framleiðenda er að áætlað vinnuframlag skili endurgjaldi hliðstæðu og gerist hjá starfsstéttum sem bera sambærilega ábyrgð á rekstri og mæta hliðstæðum kröfum um viðveru og færni.
 - 6.2. Við ákvörðun á lágmarksverði mjólkur styðst nefndin við sérstakt reiknilíkan, verðlagsgrundvöllur kúabús, skv. 1. mgr. 8. gr. búvörulaga. Verðlagsgrundvöllur líkir eftir rekstri kúabús af hagkvæmri stærð, með mati á tekjum og gjöldum búansins. Við mat á tekjum samkvæmt verðlagsgrundvöllinum eru reiknaðar tekjur af sölu mjólkur, kjöts og húða, auk „annarra tekna.“ Við mat á gjöldum er reiknaður kostnaður við kaup á kjarnfóðri, áburði og rekstrarvörum; auk kostnaður vegna reksturs véla, flutnings afurða og rekstrarvara, aðkeyptrar þjónustu, viðhalds framleiðslupátta, afskriftir húsa og véla, vaxta af fjárfestingum, launakostnað og „ýmis gjöld.“
 - 6.3. Ákvörðun verðlagsnefndar um lágmarksverð mjólkur til framleiðenda miðast við meðalefnainnihald mjólkur næstliðin þrjú ár hverju sinni. Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði útvega verðlagsnefnd árlega upplýsingar um meðalefnainnihald mjólkur næstliðin þrjú ár.

- 6.4. Í samræmi við 4. lið reglna þessara skal nefndin taka ákvörðun um hvort skuli framkvæma athugun á framleiðniþróun í búvöruframleiðslu a.m.k. einu sinni á ári og endurmeta vogtölur og heildarframleiðslukostnað í samræmi við niðurstöðu þeirrar athugunar. Á milli endurskoðana er hægt að meta þróun einstakra kostnaðarliða með viðmiði við viðeigandi verðlagsvísitölur, gengisþróun, launakostnaðarþróun, orkukostnaðarþróun og þróun annarra kostnaðarliða sem máli skipta við framleiðslu á mjólk.
 - 6.5. Nefndin leitar aðstoðar Hagstofu Íslands um öflun fullnægjandi gagna á einstökum kostnaðarliðum sem notuð eru til að uppreikna verðlagsgrundvöllinn. Nefndin getur einnig aflað gagna erlendis frá, varðandi framleiðniþróun og verðþróun á heimsmarkaði, enda sé leitað til viðurkenndra aðila á borð við stofnanir Sameinuðu þjóðanna eða samtök framleiðenda sem hafa aðgang að opinberum gagnagrunnum.
 - 6.6. Verðlagsgrundvöllur er uppreiknaður ársfjórðungslega, í mars, júní, september og desember.
 - 6.7. Eftir hvern uppreikning á verðlagsgrundvelli kúabús yfirfer nefndin niðurstöðuna og tekur ákvörðun um breytingu á lágmarksverði mjólkur með hliðsjón af niðurstöðu útreikninga atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.
 - 6.8. Kostnaðarsamsetning verðlagsgrundvallar byggir á framleiðslukostnaði kúabús af hagkvæmri stærð, með framleiðsluáðstöðu þar sem tekið er mið af opinberum heilbrigðis- og aðbúnaðarkröfum og hagkvæmum framleiðsluháttum skv. 8. gr. búvörulaga.
 - 6.9. Hagstofa Íslands sér um að afla árlega rekstrarreikninga frá bændum sem sýna raunverulegan framleiðslukostnað og breytingu í samsetningu þess fyrir kúabú af hagkvæmri stærð. Nefndin getur óskað eftir því að samsetning kúabúsins sé uppfærð reglulega af Hagstofu til að endurspeglar á sem bestan hátt kostnað framleiðenda.
7. Við ákvörðun á heildsöluverði búvara:
 - 7.1. Nefndin styðst við sérstakt líkan af kostnaðarsamsetningu mjólkuriðnarins (Íðnaðarlíkan), sem tekur m.a. mið af launakostnaði og öðrum rekstrarkostnaði sem fellur til við mjólkurvinnslu. Kostnaðarsamsetning mjólkuriðnaðarins skal vera uppreiknuð ársfjórðungslega, í mars, júní, september og desember.
 - 7.2. Nefndinni er heimilt að fá endurskoðanda til að gefa álit sitt á líkaninu með tilliti til rekstrarreiknings afurðastöðva.
 - 7.3. Eftir hvern uppreikning á kostnaðarsamsetningu mjólkuriðnaðarins yfirfer nefndin niðurstöðuna og tekur til umfjöllunar hvort skuli taka ákvörðun um breytingu á heildsöluverði mjólkur í samræmi við niðurstöðu útreikninga.
 - 7.4. Verðlagsnefnd er skv. 13. gr. búvörulaga heimilt með samkomulagi um heildsöluverð að gera tilteknar fyrirfram ákveðnar framleiðnikröfur til afurðastöðva vegna úrvinnsluþáttar mjólkurvara, sé það samhljóða ákvörðun nefndarinnar.
 - 7.5. Samtök afurðastöðva upplýsa nefndina um breytingar á gjaldskrá verðtilfærslu í mjólkuriðnaði. Samtökin upplýsa nefndina jafnframt um hverjar framleiðsluvara

afurðastöðvanna eru ekki hluti af þeim vörum sem heyra undir gjaldskrá verðtilfærslu og hversu stór hluti af tekjum þeirra koma af þeim vörum.

8. Nefndinni er heimilt að efna til sérstakra rannsókna til að afla tiltekinna upplýsinga um atriði sem skipta máli fyrir verðlagningu búvara. Þó er nefndinni ekki heimilt að stofna til útgjalda vegna sérstakra rannsókna nema að fengnu samþykki ráðherra.
 - 8.1. Skylt er að efna til slíkra rannsókna ef þrír nefndarmenn eða fleiri krefjast þess. Við slíka rannsókn kallar nefndin samstarfsaðila á sinn fund til að kynna nánar mál sem snertir landbúnað með einhverjum hætti. Slíkir gestir geta verið m.a. fulltrúar bænda, afurðarstöðva og stjórnvalda.
 - 8.2. Einnig leitar nefndin eftir atvikum til sérfræðinga, t.d. hagfræðinga og endurskoðenda, um greiningu gagna og útreikninga. Einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum er skylt, að viðlögðum dagsektum sé upplýsingaskyldu ekki sinnt, að láta þeim sem rannsóknir gera í té nauðsynlegar upplýsingar.
9. Ákvarðanir í nefndinni skulu teknar með einföldum meiri hluta atkvæða.
 - 9.1. Komi upp jöfn staða atkvæða sker atkvæði formanns úr um niðurstöðu.
 - 9.2. Ákvarðanir nefndarinnar eru endanlegar að því leyti að ekki er mögulegt að áfrýja þeim til æðra stjórnvalds.
10. Verðlagsgrundvöllur kúabús og kostnaðarsamsetning mjólkuriðnaðarins (iðnaðarlíkan) skulu vera birt á vefsíðu nefndarinnar að lokinni staðfestingu nefndarinnar. Verðákvarðanir eru auglýstar í Stjórnartíðindum og á vefsíðu nefndarinnar.
11. Fyrirspurnir sem berast nefndinni skulu teknar fyrir á fundum nefndarinnar.
12. Fundargerðir nefndarinnar eru birtar á vefsíðu stjórnarráðsins.

Verklagsreglur þessar voru samþykktar á fundi nefndarinnar þann 4. febrúar 2020 og öðlast þegar gildi.